



Mennta- og barnamálaráðuneytið

Reykjavík, 12. júní 2026

Efni: Áform um breytingar á námsmatshluta aðalnámskrár grunnskóla.

Fram eru komin áform um breytingar á námsmatshluta aðalnámskrár grunnskóla þannig að námsmat verði sett fram með tölum en ekki bókstöfum. Nánar tiltekið að tölukvarðinn verði lagður til grundvallar í öllum lokaeknunum og verði skyldubundinn við lok 4., 7. og 10. bekkjar.

Umboðsmaður barna hélt barnaþing þann 21. nóvember síðastliðinn þar sem 140 börn, á aldrinum 11 til 15 ára, víðsvegar að af landinu tóku þátt. Hlutverk þingsins er að styrkja formlega þátttöku barna í opinberri stefnumótun, virkja börn í umræðu um málefni sem snerta þau og að tryggja að raddir þeirra fái aukið vægi. Þingið er mikilvægur liður í því að veita sjónarmiðum barna farveg inn í opinbera umræðu og stefnumótun í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Ákvæðið kveður á um að aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og að réttmætt tillit skuli tekið til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Á þinginu kom fram skýrt ákall barnanna um aukið samræmi í einkunnagjöf í grunnskólum landsins. Þeim fannst bókstafakerfið óskýrt í framkvæmd og töldu það leiða til ósamræmis í einkunnagjöf milli skóla. Börnin vildu að bókstafakerfið yrði lagt niður við einkunnagjöf og að tölustafakerfi yrði tekið upp að nýju.

Mikilvægt er að tryggja að samráð við börn sé ekki einungis formlegt heldur að sjónarmið þeirra hafi raunverulegt vægi við töku ákvarðana sem varða hag þeirra. Umboðsmaður barna fagnar því að hlustað sé á raddir barna við ákvarðanatöku um málefni sem varðar þau og að sýnt sé í verki að skoðanir þeirra skipti máli.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading "Salvör Nordal". The signature is written in a cursive, flowing style with a large initial 'S'.

Salvör Nordal, umboðsmaður barna